



Fundargerð 266.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 10. nóvember 2021 kl. 16.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Axel Grettisson, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson, Ólafur Rúnar Ólafsson og Þórhallur Jónsson. Í fjarfundi Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Gjaldskrá 2022.

Hafnarstjóri lagði fram tillögu að gjaldskrárbreytingu frá 1. janúar 2022. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

2. Torfunefsbyggja.

Hafnarstjóri kynnti stöðu mála varðandi framkvæmdir við endurnýjun Torfunefsbyggju. Búið er að bjóða út, á evrópska efnahagssvæðinu kaup á stáli í byggjuna. Tilboð verða opnuð í kringum áramót. Vegagerðin er einnig að vinna að samningum vegna efnisflutninga framan við stálpilið og reiknað er með að því verki verði lokið fyrir vorið 2022. Í apríl n.k. er síðan stefnt að því að bjóða út þilrekstur með það að markmiði að verktími verði haustið 2022.

Jafnframt voru kynnt drög að keppnislýsingu vegna hönnunarsamkeppni um Torfunefssvæðið. Keppnislýsingin hefur verið unnin í samvinnu við skipulagsyfirvöld Akureyrarbæjar og Arkitektafélag Íslands. Stefnt er að því að auglýsa samkeppnina fyrri hluta desember n.k.

3. Fjárhagsáætlun HN 2022.

Lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun vegna ársins 2022 þar sem gert er ráð fyrir að 80% af bókuðum skemmtiferðaskipum skili sér á næsta ári í stað 60% eins og áður hafði verið reiknað með. Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að rekstrartekjur nemi kr. 787,6 mkr og rekstrargjöld verði 514,9 mkr. Hagnaður eftir fjármangliði og afskriftir er áætlaður 143,8 mkr. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

4. Önnur mál.

- Samfélagsstyrkur HN fyrir árið 2021 rennur til Pieta samtakanna. Styrkurinn er að upphæð kr. 100 þús.
- Í lok fundar var farið í vettvangsferð á Tangabryggju til að skoða nýjar rafmagnstengingar. Nú er lokið 2. áfanga rafvæðingar vegna minni skemmtiferðaskipa og flutningaskipa. Fyrirhugað er að panta tengibúnað á



árinu 2022 þannig að sumarið 2023 verði hægt að tengja minni skemmtiferðaskip við rafmagn. Komin er 11KV tenging niður á Tangabryggju þannig að hægt verður að afgreiða skemmtiferðaskip með 1,5 MW við bryggjuna. Jafnframt er 400V með 250 amp tengigetu á þremur stöðum á bryggjunni. Auðvelt er að bjóða upp á 400 amp tengingu á bryggjunni sem gæti nýst t.d. nýjustu uppsjávarveiðiskipunum.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 16:50

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Þröstur Friðfinnsson

Ólafur Rúnar Ólafsson

Ólína Freysteinsdóttir

Þórhallur Jónsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
